

Verkalýðs-og Sjómannafélag Fáskrúðsfjarðar

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1469

komudagur 16/4 1996

Fáskrúðsfirði 10.04.1996.

Efni: Umsögn Verkalýðs-og Sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

V.S.F. mótmælir því harðlega að félagsmálaráðherra og ríkisstjórnin skuli grípa til þess úrræðis að leggja fram frumvarp til laga um breytingar á vinnulöggjöfnni í mikilli andstöðu við gjörvalla verkalýðshreyfinguna og með þeim hætti sem að því er staðið. Það ætti öllum að vera ljóst og ekki síst stjórnámálönnum sem sækja vald sitt og áhrif til fólksins, að um þessi mál eiga aðilar vinnumarkaðarins að ná sátt um án ihlutunar annarra.

Með þessu frumvarpi er gengið svo harkalega að þeim samskiptareglum sem gilt hafa og verkalýðshreyfinginn hefur sætt sig við að með ólíkindum er.

Ekki þykir ástæða hér í þessari umsögn að fara efnislega ofan í áður nefnt frumvarp svo rækilega hefur verkalýðshreyfinginn gert það að á undanförunum vikum og sýnt þar fram á hvernig það beinist að því að veikja hagsmunasamtök launafólks og um leið launafólkið sjálft.

Þó má geta um fáránleika á afgreiðslu kjarasamninga, boðun verkfalls og afgreiðslu á miðlunartillögu svo fátt eitt sé tekið.

Verkalýðs-og Sjómannafélag Fáskrúðsfjarðar krefst þess að ríkisstjórnin dragi frumvarpið til baka og skorar einnig á félagsmálanefnd að leggja frumvarpið til hliðar.

Allir þeir stjórnámálamenn sem starfa við að setja þjóð sinni lög ættu að gæta þess vel að hverjum lögin beinast og þeir stjórnámálamenn sem setið hafa og farið yfir þetta frumvarp til laga og lagt blessun sína yfir það, hafa ekki hugsað mjög til alþýðunnar í þessu landi sem kemur til með að búa við þessi lög.

Fh. Verkalýðs-og Sjómannafélags
Fáskrúðsfjarðar

Verkalýðs- og sjómannafélag
Fáskrúðsfjarðar

Eiríkur Stefánsson
Eiríkur Stefánsson formaður